LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

26. ágúst 2020

Strandveiðar í september

Strandveiðum í ágúst lauk þann nítjánda. Á grundvelli þess sem þá hafði veiðst af þorski ákvað Fiskistofa að tilkynna með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðvun veiðanna. Eins og margoft hefur komið fram voru félagsmenn í Landssambandi smábátaeigenda (LS) afar óhressir með að veiðarnar yrðu ekki tryggðar til loka ágúst.

Reynslan af strandveiðum í sumar hefur verið gríðarlega góð. Nánast allur afli hefur verið seldur gegnum fiskmarkaði og þrátt fyrir að hrikt hafi í mörkuðum vegna Covid-19 hefur verð verið viðunandi.

Eins og þér er kunnugt um er útgerð strandveiðibáta gríðarlega mikilvæg fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Jafnt og önnur útgerð dagróðrabáta er hún sniðin að markmiðum laga um stjórn fiskveiða sbr. eftirfarandi ml. í 1. gr.:

> *Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.*“

Nokkuð er síðan LS hóf baráttu fyrir strandveiðum í september. Krafan er að mestu tilkomin vegna bágs atvinnuástands. Þúsundir manna án atvinnu. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var almennt atvinnuleysi í júlí 7,9%. Stofnunin spáir því að það fari í 8,6% í ágúst og þrátt fyrir afskráningar fólks sem fer í nám muni það aukast í september.

Í ágúst voru 520 strandveiðibátar á veiðum. Samtöl við strandveiðisjómenn undanfarna daga gefa til kynna að þriðjungur þeirra muni ekki hefja aftur strandveiðar á þessu ári verði það leyft. Útfrá þeirri vitneskju kæmi framlenging sér afar vel fyrir 350 útgerðaraðila, sem flestir eru nú án atvinnu.

Eins og fram hefur komið í málflutningi LS þarf ekki að skerða veiðiheimildir annarra til þessara veiða. Samkvæmt túlkun yðar á ákvæði um tilfærslu er óheimilt að yfirfæra ónýttar aflaheimildir til strandveiða milli ára. Lagabreyting hvað það efni varðar er því óhjákvæmileg, sem einnig þarf að ná til línuívilnunar. Á þann hátt væru tryggðar heimildir til þessarar aðgerðar.

Þess er hér með farið á leit að þér beitið yður fyrir lagabreytingu sem opnar fyrir strandveiðar í september 2020.

Virðingarfyllst

Þorlákur Halldórsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri